

Nd.

798. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um uppeldismál.

Flutningsm.: Þorsteinn M. Jónsson og Gisli Sveinsson.

Tillagan orðist svo:

TILLAGA

til þingsályktunar um fræðslumál.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að skipa nefnd manna til að athuga fræðslumál landsins og gera tillögur um, hversu alþýðufræðslunni verði best hagað.

Þetta skal einkum athuga:

1. Á hvaða aldri muni hentugast að hafa skólaskyldu.
2. Á hvern hátt mætti byggja sem mest á heimilisfræðslu, og ganga þó jafnframt svo frá eftirliti með henni, að tryggilegt væri.
3. Að vandlega sje gætt þeirrar stefnu, að tryggja öllum börnum jafnan rjett til fræðslu, hvað sem um efni er og ástæður.
4. Hversu breyta mætti kennaraskólanum, svo að kennarar verði sem best búnir undir starf sitt.
5. Að tryggja kennurum sæmileg æfiskjör.
6. Hversu best yrði komið fyrir unglingafræðslu í landinu, fjölgað unglingaskólum og komið á þá föstu skipulagi, í samræmi við barnafræðsluna og við æðri skólana eftir fõngum.

Enn fremur skorar Alþingi á stjórnina að undirbúa og leggja þegar fyrir næsta þing frumvarp til laga um bráðabirgðabætur á launum og ráðningarkjörum barnakennara.